

Veiting atvinnuleyfa til útlendinga á árinu 2001

Apríl 2002

Tæp fjögur ár eru nú liðin frá því Vinnumálastofnun tók við veitingu atvinnuleyfa í samræmi við 3. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994. Á þessu tímabili hefur verið þensla á vinnumarkaði og mikil eftirspurn eftir erlendu vinnuafl. Eins og komið hefur fram í yfirlitum yfir veitingu atvinnuleyfa undanfarin ár hefur fjöldi veittra atvinnuleyfa aukist jafnt og þétt frá árinu 1995 eða frá gildistöku nágildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga. Seinni hluta síðasta árs jókst atvinnuleysi hins vegar talsvert eftir að hafa verið um skeið vel innan við 2% og sú þróun hefur haldið áfram á þessu ári. Þar sem helstu skilyrði laga um atvinnuréttindi útlendinga eru að kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu hefur dregið úr veitingu nýrra atvinnuleyfa á síðustu mánuðum. Fjöldi umsókna er eftir sem áður mikill en óvissa á vinnumarkaði hefur leitt til fleiri synjana en árin 1999 og 2000.

Stór hluti þeirra útlendinga sem hafa komið hingað til tímabundinnar vinnu undanfarin ár hefur kosið að setjast að hér á landi og eru þeir nú mikilvægir þátttakendur í íslensku atvinnulífi. Reynt hefur verið að mæta þörfum þessa stóra hóps með ýmsum hætti, má þar t.d. nefna stofnun Fjölmenningssetursins á Vestfjörðum og Alþjóðahúss í Reykjavík. Þá hafa Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins og fleiri fræðslusjóðir á vinnumarkaði veitt styrki til íslenskukennslu. Verið er að endurskoða eyðublöð um dvalar- og atvinnuleyfi og til stendur að þýða þau á fleiri tungumál en nú er gert. Löggjöf um málefni útlendinga hefur nú verið tekin til heildarendurskoðunar og er þess að vænta að ný lög um útlendinga og um atvinnuréttindi útlendinga taki gildi í byrjun næsta árs.

I. Veiting atvinnuleyfa

Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda veittra atvinnuleyfa árið 2001 samanborið við næstu tvö ár á undan. Yfirlitið byggir á neðangreindri flokkun atvinnuleyfa skv. lögum um atvinnurétti útlendinga. Í upphafi er gefið heildaryfirlit yfir alla flokka atvinnuleyfa en síðan eru einstakir flokkar skoðaðir nánar.

Tímabundin atvinnuleyfi eru flokkuð eftir ríkisfangi og helstu starfsgreinum sem útlendingar eru ráðnir í. Þá eru óbundin atvinnuleyfi flokkuð eftir ríkisfangi og dreifingu um landið.

Tímabundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

Óbundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar: Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vist á heimili.


Atvinnurekstrarleyfi: Leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki.

Eins og fram kemur á mynd 1 voru veitt alls 1401 ný tímabundin atvinnuleyfi á árinu 2001 en 1663 árið 2000. Þar sem tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda þarf að sækja um nýtt leyfi til að útlendingi sé heimilt að skipta um vinnustað.


Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis til að skipta um vinnustað er horft til áður nefndra megin skilyrða laga um atvinnuréttindi útlend-

inga þ.e. þörf vinnumarkaðarins en einnig er tekið tillit til aðstæðna þess útlendingss sem um ræðir. Fram kemur að mikið er um að útlendingar færi sig á milli vinnustaða. Alls voru veitt

Mynd 1. Veiting tíma- og óbundinna atvinnuleyfa



Mynd 2. Veiting atvinnurekstrar-, námsmanna- og vistráðningarleyfa



646 leyfi vegna vinnustaðaskipta árið 2001 en 659 árið 2000. Framlengd leyfi á sama vinnustað voru 1714 árið 2001 en 1143 árið 2000 er þar því um verulega aukningu að ræða. Óbundin atvinnuleyfi voru 560 á síðasta ári.

Á Mynd 2 er yfirlit yfir atvinnurekstrarleyfi, námsmannaleyfi og vist-

ráðningarleyfi. Fjöldi veittra námsmannaleyfa hefur aukist nokkuð eða úr 91 í 125. Árið 2000 jókst fjöldi veittra vistráðningarleyfa úr 26 árið 1999 í 54. Síðast liðið ár voru veitt 52 slík leyfi.

Tímabundin atvinnuleyfi

Í neðangreindri töflu eru tímabundin leyfi, bæði ný leyfi og framlengd flokkuð eftir ríkisfangi. Eins og fyrri ár eru Pólverjar þar í miklum meirihluta eða alls 1096. Næstir koma Filippseyingar, Litháar, Júgóslavar og Tælendingar.

Tafla 1. Tímabundin atvinnuleyfi flokkuð eftir ríkisfangi

	1999			2000			2001			hlutfall
	Ný leyfi	Framl.	Samtals	Ný leyfi	Framl.	Samtals	Ný leyfi	Framl.	Samtals	
Pólland	578	415	993	594	477	1071	523	573	1096	29,1%
Filippseyjar	125	86	211	206	109	315	163	199	362	9,6%
Litháen	40	13	53	160	39	199	179	125	304	8,1%
Júgóslavía	140	59	199	190	70	260	152	128	280	7,4%
Tæland	137	74	211	132	98	230	93	105	198	5,3%
Rússland	72	29	101	74	50	124	86	58	144	3,8%
Víetnam	27	20	47	47	29	76	52	48	100	2,7%
Kína	38	14	52	57	24	81	48	41	89	2,4%
Bandaríkin	99	21	120	83	17	100	68	19	87	2,3%
Lettland	12	7	19	43	6	49	54	31	85	2,3%
Úkraína	20	12	32	40	14	54	35	48	83	2,2%
Eistland	3	4	7	68	2	70	57	23	80	2,1%
Tékkland	22	9	31	48	5	53	56	22	78	2,1%
Ungverjaland	10	3	13	56	5	61	48	10	58	1,5%
Rúmenía	25	11	36	17	27	44	33	22	55	1,5%
Slóvakía	11	0	11	14	5	19	31	15	46	1,2%
Kanada	28	7	35	36	8	44	31	7	38	1,0%
Króatía	20	5	25	11	16	27	22	15	37	1,0%
Marokkó	26	10	36	31	10	41	11	22	33	0,9%
Nepal	12	1	13	23	2	25	22	11	33	0,9%
Bosnía	11	3	14	32	8	40	13	16	29	0,8%
Sri Lanka	11	4	15	11	4	15	17	9	26	0,7%
Indland	12	4	16	15	5	20	17	8	25	0,7%
Búlgaría	8	9	17	20	4	24	13	11	24	0,6%
Chile	3	4	7	19	7	26	8	13	21	0,6%
Perú	14	6	20	18	6	24	9	10	19	0,5%
Brasílía	12	2	14	33	2	35	13	5	18	0,5%
Kólumbía	9	2	11	10	3	13	9	6	15	0,4%
Tyrkland	6	3	9	9	8	17	10	5	15	0,4%
Albanía	5	4	9	9	7	16	10	4	14	0,4%
Eþíópía	8	0	8	6	5	11	6	8	14	0,4%
Suður Afríka	12	6	18	7	5	12	9	5	14	0,4%
Makedónía	7	2	9	11	2	13	10	3	13	0,3%
Georgía	1	1	2	5	1	6	9	3	12	0,3%
Nígería	5	5	10	16	2	18	6	5	11	0,3%
Ástralía	6	2	8	9	1	10	7	3	10	0,3%
Nýja Sjáland	4	2	6	5	4	9	5	5	10	0,3%
Índónesía	5	2	7	15	2	17	5	4	9	0,2%
Equador	2	1	3	4	4	8	4	4	8	0,2%
Ísrael	3	0	3	3	1	4	4	3	7	0,2%
Slóveníu	3	0	3	4	1	5	5	2	7	0,2%
Ghana	5	2	7	3	6	9	3	3	6	0,2%
Írak	3	1	4	5	2	7	4	2	6	0,2%
Kenýa	5	2	7	5	2	7	3	3	6	0,2%
Mexíkó	4	0	4	9	2	11	2	4	6	0,2%
Aðrir	123	66	220	110	38	148	82	48	130	3,5%
SAMTALS	1732	933	2737	2323	1145	3468	2047	1714	3761	100%

Þegar dreifing tímabundinna leyfa um landið var skoðuð kemur í ljós að flest ný atvinnuleyfi voru veitt fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu eða alls 1380. Þetta eru um 67% allra nýrra tímabundinna atvinnuleyfa. Á landsbyggðinni hefur víðast hvar dregið úr veitingu nýrra atvinnuleyfa.


Af einstökum stöðum má t.d. nefna Ísafjörð þar sem aðeins voru veitt 5 leyfi á síðasta ári, árið 2000 voru þau 10 en 44 árið 1999. Í Bolungarvík var aðeins veitt eitt

Tafla 2. Tímabundin atvinnuleyfi 2001. Dreifing um landið

	Ný leyfi		Framlengd leyfi		Leyfi samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	980	47,9%	821	47,9%	1801	47,9%
Höfuðb.sv. annað	400	19,5%	288	16,8%	688	18,3%
Suðurnes	147	7,2%	177	10,3%	324	8,6%
Vesturland	110	5,4%	82	4,8%	192	5,1%
Vestfirðir	95	4,6%	83	4,8%	178	4,7%
Norðurland vestra	34	1,7%	25	1,5%	59	1,6%
Norðurland eystra	90	4,4%	81	4,7%	171	4,5%
Austurland	41	2,0%	59	3,4%	100	2,7%
Suðurland	150	7,3%	98	5,7%	248	6,6%
SAMTALS	2047	100%	1714	100%	3761	100%

nýtt leyfi á móti 16 árið 2000 og í Reykjanesbæ fækkar veittum leyfum úr 60 árið 2000 í 49 árið 2001. Í öllum landshlutum nema á Austurlandi eru framlengd atvinnuleyfi hins vegar nokkuð fleiri en árið 2000.

Mynd 3. Tímabundin leyfi alls. Dreifing um landið



Á mynd 3 má sjá hvernig tímabundin atvinnuleyfi dreifast um landið samanborið við árin 1999 og 2000. Kemur þar glögg fram hversu mikil fjölgun hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og fram kemur í töflu 3 er ekki hægt að merkja mikil frávik frá árinu 2000 þegar tímabundnum atvinnuleyfum er skipt eftir starfsgreinum. Enn fækkar þó veittum leyfum vegna starfa í fiskvinnslu þ.e. úr 540 árið 2000 í 468. Árið 1999 voru veitt 756 leyfi vegna fiskvinnslustarfa. Í byggingariðnaði fækkar einnig talsvert, eða úr 241 árið 2000 í 155. Þá má benda á að veittum atvinnuleyfum vegna starfa við ræstingar, uppvask o.þh. fækkar úr 337 í 276.

Tafla 3. Tímabundin atvinnuleyfi, skipt á starfsgreinar

	<i>Fjöldi</i> <i>2000</i>	<i>Fjöldi</i> <i>2001</i>	<i>Hlutfall</i> <i>2001</i>
Stjórnendur, sérfræðingar, fólk með sérmenntun í vísindum og viðskiptum, listamenn og skrifstofufólk	148	97	5%
Fólk við barnagæslu, umönnun og heimilishjálp	107	123	6%
Fólk við þrif, ræstingu, uppvask og aðstoð í eldhúsi	337	276	13%
Matreiðslufólk, þjónar, barþjónar, fólk í sal	37	20	1%
Fólk við afgreiðslustörf og störf á lager	70	36	2%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í byggingariðnaði	241	155	8%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í málmiðnaði og rafeindavirkjun	58	46	2%
Véla- og verkafólk í öðrum iðnaði, verksmiðjum og matvælaframleiðslu	295	282	14%
Iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk og verkafólk í kjötiðnaði og slátrun	88	58	3%
Landbúnaðarverkafólk	68	67	3%
Fiskvinnslufólk	540	468	23%
Sjómenn	19	13	1%
Íþróttamenn og þjálfarar	92	73	4%
Dansarar	176	208	10%
Óflokkað eða vantar upplýsingar	47	125	6%
Samtals	2323	2047	100%

Óbundin atvinnuleyfi

Útlendingur getur sótt um óbundið atvinnuleyfi þegar hann hefur samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og öðlast ótímabundið dvalarleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Eins og fram kom í yfirliti á bls. 2 hefur orðið stöðug aukning í veitingu óbundinna atvinnuleyfa, alls voru veitt 560 slík leyfi á síðast liðnu ári en 406 árið 2000. Eins og gefur að skilja eru Pólverjar í miklum meirihluta en alls var 237 Pólverjum veitt óbundið atvinnuleyfi á liðnu ári sem eru 42% veittra óbundinna leyfa það ár. Tælingum

Tafla 4. Óbundin atvinnuleyfi. Ríkisfang

	1999	2000	2001	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Pólland	104	193	237	42%
Tæland	28	34	48	9%
Júgóslavía	28	29	42	8%
Filippseyjar	30	29	30	5%
Rússland	9	12	21	4%
Króatía	1	2	15	3%
Kína	12	7	12	2%
Litháen	0	5	12	2%
Víetnam	2	7	12	2%
Bandaríkin	6	5	11	2%
Bosnía	6	9	9	2%
Albanía	2	4	6	1%
Úkraína	4	1	6	1%
Búlgaría	4	9	5	1%
Perú	1	3	5	1%
Marokkó	5	5	4	1%
Ungverjaland	3	4	4	1%
Kanada	2	3	3	1%
Sri Lanka	7	3	3	1%
Brasilía	0	0	3	1%
Grænhöfðaeyjar	3	1	3	1%
Nepal	0	0	3	1%
Aðrar þjóðir	17	34	73	13%
SAMTALS	275	406	560	100%

voru veitt 48 leyfi og þar á eftir koma Júgóslavar og Filippseyingar.

Þegar dreifing óbundinna atvinnuleyfa um landið er skoðuð kemur í ljós að flestir þeirra sem uppfylla skilyrði til að öðlast slíkt leyfi eru á höfuðborgarsvæðinu eða alls 260, sem eru 46,5% veittra óbundinna leyfa. Þá er bent á að á Suðurnesjum var 90 útlendingum veitt óbundið atvinnuleyfi á síðasta ári og 71 á Vestfjörðum.

Tafla 5. Óbundin atvinnuleyfi. Dreifing um landið

	1999	2000	2001	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	91	149	170	30,4%
Höfuðborgarsv. rest	41	39	90	16,1%
Suðurnes	27	31	90	16,1%
Vesturland	8	35	34	6,1%
Vestfirðir	56	50	71	12,7%
Norðurland vestra	2	2	3	0,5%
Norðurland eystra	32	35	22	3,9%
Austurland	20	33	34	6,1%
Suðurland	9	32	46	8,2%
SAMTALS	286	406	560	100%

Önnur atvinnuleyfi

Alls voru veitt 125 atvinnuleyfi til námsmanna árið 2001 en þau voru 91 árið 2000. Flestir námsmennirnir eða 109 eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, 4 voru búsettir á Akureyri og 12 annars staðar á landinu. Af þeim sem fengu námsmannaleyfi voru 16 Bandaríkjamenn, 10 Rússar, 9 Kínverjar, 8 Pólverjar og 5 Litháar. Önnur leyfi dreifast nokkuð jafnt á margar þjóðir

Vistráðningarleyfi (au-pair) voru 52 á liðnu ári. Flest vistráðningarleyfi voru veitt Pólverjum eða alls 17 og þá 14 leyfi til ungmenna frá Litháen. 14 leyfi dreifast á ýmsar Evrópuþjóðir en 7 leyfi á Kanada, Asíulönd og Suður Ameríku.

II. Synjanir

Alls var 303 umsóknum um atvinnuleyfi synjað á s.l. ári. Árið 2000 var aðeins 56 umsóknum synjað og 53 árið 1999. Er nánast eingöngu um að ræða umsóknir um ný tímabundin atvinnuleyfi, aðeins einni umsókn um námsmannaleyfi var synjað og tveimur umsóknum um vistráðningarleyfi.

Í flestum tilvikum var umsóknum synjað með vísan til óvissuástands á vinnumarkaði þ.e. að atvinnuástand væri með þeim hætti að ekki væri fullnægt skilyrðum a. liðar 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga um skort á vinnuafli. Í fjölda tilvika er einnig vísað til umsagna stéttarfélaganna þar sem mælt er gegn veitingu atvinnuleyfis.